

Nd. 784. Breytingartillaga [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 69. gr. orðist svo:
(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsigliSSkrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsigliSSkrá hafa verið geymdar meðal innsigliSbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliSSkrá yfir slíkan varning.